

Fyrirspurn

**til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um heimaslátrun
og aukinn fjölbreytileika í matvælaframleiðslu.**

Frá Teiti Birni Einarssyni.

1. Telur ráðherra að rýmka megi reglur til að efla vöruþróun og sölu beint frá býli með það fyrir augum að auka fjölbreytileika í matvælaframleiðslu fyrir neytendur og efla atvinnu í dreifbýli?
2. Telur ráðherra að leyfa eigi heimaslátrun, ekki aðeins til eigin nota á býli heldur einnig til sölu, að því gefnu að vöruvöndun og öryggi sé í fyrirrúmi?
3. Til hvaða ráðstafana telur ráðherra að grípa þurfi svo framangreint nái fram að ganga á yfirstandandi kjörtímabili og hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum hvað þetta varðar?